

Ef forráðamenn, þrátt fyrir ráðleggingar heilbrigðisstarfsfólks, ákveða að hafna bólusetningum fyrir barn sitt þarf að skrá það í Ískrá á eftirfarandi hátt (**3 atriði**):

1) Skrá höfnun á viðkomandi bóluefni:

Tvísmella í línu nemandans undir ‚ónæmi‘ í bekkjarskrá.

#	Nafn	Athugasemdir	Samskipti	Líkamsmat L.	Ónæmi	Viðtal	Hæðþyngd	LBS	Sjón	Bólus.staða	Lyf	Óki.	Y.S.
1	Rauðhetta Refsdóttir		0	07.10.2020	13.11.2018	Fulln.	0	5	
2	Ronja Ræningjadóttir		1	09.09.2020		30.08.2014	14.7	1	1

Í ónæmisáðgerðarglugganum er hakað í kassann undir ‚Hafnað‘ fyrir aftan það bóluefni sem hafnað er.

Aðgerðir	Dagsetning	Hafnað
Boostrix (barnaveiki + kighósti + stífkrampi)	..	<input type="checkbox"/>
Boostrix Polio (barnaveiki + kighósti + stífkrampi + mænusótt)	..	<input type="checkbox"/>
Cervarix (HPV - Human Papilloma Virus)	..	<input type="checkbox"/>
Gardasil 9 (HPV - Human Papilloma Virus) 1 - 2	..	<input type="checkbox"/>
MMRVaxPro (hettusótt + mislingar + rauðirhundar)	..	<input checked="" type="checkbox"/>
NeicVac-C (heilahimnubólga - meningókokkar C)	..	<input type="checkbox"/>

Í viðvörðunarglugganum sem spyr hvort örugglega eigi að HAFNA viðkomandi bóluefni er smellt á ‚Yes‘.

Á örugglega að HAFNA MMRVaxPro (hettusótt + mislingar + rauðirhundar)?

Yes No

Dagsetning dagsins kemur upp en hægt að skrifa yfir hana aðra dagsetningu ef við á áður en glugganum er lokað.

Aðgerðir	Dagsetning	Hafnað
MMRVaxPro (hettusótt + mislingar + rauðirhundar)	23.02.2022	<input checked="" type="checkbox"/>

Þegar glugganum er lokað skráist höfnunin einnig í bólusetningagrunn Sóttvarna-læknis.

Loka glugga Skráð í Sögu Yfirlit

Höfnuð bólusetning birtist á yfirliti yfir ónæmisáðgerðir.

Ónæmisáðgerðir	Dagsetning	Skráningarkerfi	Ógilda
Hafnað: MMRVaxPro (hettusótt + mislingar + rauðirhundar)	23.02.2022	ÍSKRÁ	<input type="checkbox"/>


Á yfirlitinu er hægt að ógilda skráningu á höfnun, með því að smella í kassann undir ‚ógilda‘, þ.e.a.s. ef forráðamönnum snýst hugur og óska eftir að barn fái bólusetninguna.

2) **Merkja bólusetningastöðu – Hafnað/Hafnað að hluta:**

Farið er í örina í línunni ‚Bólusetningar‘ í ónæmisaðgerðaglugganum (einnig hægt í heilsufarsskrá nemandans) og valið af listanum ‚Hafnað/Hafnað að hluta‘ eins og við á.

Valið er ‚Hafnað að hluta‘ þegar ákveðinni bólusetningu er hafnað.

Valið er ‚Hafnað‘ ef öllum bólusetningum sem eftir eru af skipulaginu er hafnað.



3) **Skrá samskipti um höfnun:**

Ávallt skal skrá samskipti þegar forráðamenn hafna bólusetningu hjá barni sínu.



Tvísmellt er á bólusetningastöðu nemandans þar sem merkt er ‚Hafnað/Hafnað að hluta‘

Smelltt á ‚yes‘ þegar Ískrá spyr hvort stofna eigi ný samskipti.

Forskráð samskipti opnast í tilefnisflokknum ‚Ónæmisaðgerðir‘. Hægt er að ‚afhaka‘ og bæta við hjúkrunarmedferðum eins og við á.

Skrá þarf í lýsingu samskiptanna hvaða bólusetningu er hafnað og gott er að afrita tölvupóst frá foreldri þar sem staðfesting á höfnun kemur fram inn í samskiptin.

Nota þarf flýtihnappa (Ctrl C) til að afrita póstinn og síðan (Ctrl V) til að líma hann í lýsingu samskiptanna.



Til er [eyðublað](#) til útfyllingar fyrir höfnun fyrir þá sem óska en staðfesting í tölvupósti sem límd er í samskipti er einnig fullnægjandi.